

Öryggi iðkenda - Óveður

Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum. Það er ávallt neyðarúrræði að fella niður æfingar vegna veðurs. Ef ekki hefur komið tilkynning frá félaginu/þjálfara um slíkt, en foreldrar telja það viðsjált og hættulegt börnum sínum að fara á æfingu þá halda þeir þeim heima.

Ef sú staða kemur upp að lögregla eða almannavarnir mæla með að börnum sé haldið heima vegna óveðurs þá reiknum við með að foreldrar verði við þeim tilmælum.

Foreldrum er sendur tölvupóstur á skráð netföng í Nora eins fljótt og auðið er.

Tilkynningar eru settar á heimasíðu Stjórnunnar.